



Kópavogi, 13. ágúst 2021
2108512/510.00 ADK

Efni: Umsögn umhverfisviðs Kópavogsbæjar v. auglýstrar tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2040.

Á fundi skipulagsráðs Kópavogsbæjar þann 16. ágúst er lagt fram erindi Haralds Sigurðssonar skipulagsfræðings fyrir hönd Reykjavíkurborgar dags. 16. júní 2021 og varðar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur, endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlengingu skipulagstímabils til ársins 2040. Eftirfarandi eru ábendingar umhverfisviðs Kópavogsbæjar.

Fossvogur

Á þéttbýlisupprætti tillögunnar er sýnd stofnbraut frá Hafnarfjarðarvegi að sveitarfélagamörkum Reykjavíkur og Kópavogs. Í staðfestri breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 um niðurfellingu Kópavogsganga er þessi tenging felld út.

Arnarnesvegur

Bent er á ósamræmi er í staðsetningu Arnarnesvegar á þéttbýlisupprætti tillögunnar og tillögu að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Sá hluti Arnarnesvegar sem sýndur er innan sveitarfélagamarka Reykjavíkur á upprættinum er töluvert lengri en á upprætti Kópavogsbæjar. Svo virðist sem samræmi sé í staðsetningu sveitarfélagamarkanna.

Kópavogsbær óskar jafnframt eftir áframhaldandi samráði um staðsetningu stígatenginga við sveitarfélagamörkin.

Brú yfir Fossvog

Á þéttbýlisupprætti er gert ráð fyrir tengibraut á fyrirhugaðri brú yfir Fossvog sem liggur að sveitarfélagamörkum. Á þéttbýlisupprætti tillögu að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er tengingin táknúð sem göngu- og hjólaleið og leið Borgarlínu. Í 4.16 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 eru tengibrautir skilgreindar sem brautir sem tengja einstaka bæjarhluta við stofnbrautarkerfið og nálæga bæjarhluta innbyrðis og eru helstu umferðargögur í hverjum bæjarhluta. Kópavogsbær bendir á mikilvægi þess að skýrt sé að ekki sé gert ráð fyrir almenna umferð bifreiða á brúnni heldur takmarkist umferð á brúnni við gangandi og hjólandi vegfarendur ásamt almenningssamgöngum.

Virðingarfyllt,

Auður Dagný Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi